

Tillaga til þingsályktunar

um flutning Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Guðrún Hafsteinsdóttir,
Vilhjálmur Árnason, Ásmundur Friðriksson.

Alþingi ályktar að stefna skuli að flutningi Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 152. löggjafarþingi (409. mál).

Útlendingastofnun er ein af undirstofnunum dómsmálaráðuneytisins og starfar samkvæmt löggjöf um málefni útlendinga. Umfangsmesti þáttur í starfsemi Útlendingastofnunar er útgáfa dvalarleyfa, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku eða t.d. fjölskyldusameiningar, námsvistar eða vistráðningar, og afgreiðsla umsókna um alþjóðlega vernd og umsókna um íslenskan ríkisborgarárétt.

Stofnunin er til húsa á Dalvegi 18 í Kópavogi og er vinnuveitandi 86 starfsmanna. Mikill meiri hluti opinberra stofnana er á höfuðborgarsvæðinu og af því leiðir að störf flestra stofnana standa í raun einungis íbúum höfuðborgarsvæðisins til boða. Með flutningi Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar væri tekið stórt skref í átt að því að tryggja fjölbreytt atvinnutækifæri utan höfuðborgarsvæðisins. Á Suðurnesjum er hlutfall háskólamenntaðra mun lægra en landsmeðaltal. Mikill meiri hluti starfa hjá Útlendingastofnun eru sérfræðistörf sem krefjast háskólamenntunar. Með flutningi stofnunarinnar til Reykjanesbæjar væri því sérfræðistörfum fjöldað og hlutfall háskólamenntaðra á svæðinu bætt.

Þar að auki býr fjöldi innflytjenda á Suðurnesjum sem nýtir sér þjónustu stofnunarinnar, en um 9% íbúa bæjarins eru af erlendum uppruna. Þá er rétt að líta til þess að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem sækjast eftir alþjóðlegri vernd kemur til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll og því er væri hentugt að stofnunin væri í meiri nálægð við flugvöllinn. Jafnframt hefur velferðarsvið Reykjanesbæjar séð um þjónustu og aðbúnað þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi síðan árið 2004 og var fyrsta sveitarfélagið til að bjóða upp á þá þjónustu.

Fólksfækkun á landsbyggðinni vegna flutninga til höfuðborgarsvæðisins hefur um langa hríð verið eitt af meginvandamálum samfélaga á landsbyggðinni og skortur á störfum og lítil fjölbreytni starfa. Aukinn fjöldi og fjölbreytni starfa utan höfuðborgarsvæðisins eykur líkurnar á því að fólk af landsbyggðinni sem sækir sér menntun á höfuðborgarsvæðinu snúi aftur til heimabæjar síns eftir að námi lýkur og laðar jafnframt fremur að nýja íbúa. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um samfélagsgreiningu á Suðurnesjum frá 8. október 2021 kemur fram að atvinnulíf á Suðurnesjum sé einhæft og framboð atvinnu takmarkað. Þá kjósi margir íbúar svæðisins að starfa í Reykjavík þar sem fleiri möguleikar og fjölbreyttara úrval starfa sé í boði. Atvinnulífið í Reykjanesbæ er að miklu leyti háð flugsamgöngum og ferðaþjónustu og lítið er um sérfræðistörf á öðrum sviðum. Flutningur Útlendingastofnunar

til sveitarfélagsins myndi því ótvíraett fela í sér nauðsynlega fjölbreytni vinnumarkaðarins á Suðurnesjum.

Atvinnumöguleikar ráða óneitanlega miklu þegar einstaklingar ákveða hvar skal búa, en þeir möguleikar eru umtalsvert minni í Reykjanesbæ en á höfuðborgarsvæðinu og bera opinberar tölur um atvinnuleysi það skýrlega með sér. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar var áætlað atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu í desember 2021 5,0%, en á sama tíma var atvinnuleysi í Reykjanesbæ 9,9%. Slikt misräemi í atvinnuleysi á milli bæjarfélaga er óheppilegt og því rétt að bregðast við með þeim hætti að auka framboð og fjölbreytni á atvinnu í Reykjanesbæ eins og hér er lagt til.

Þrátt fyrir að það geti verið eitthvert óhagræði fyrir núverandi starfsmenn Útlendingastofnunar að starfsemin verði flutt út fyrir höfuðborgarsvæðið, þá er Reykjanesbær skammt frá höfuðborgarsvæðinu og því ekki sérlega íþyngjandi fyrir starfsmenn stofnunarinnar ef hún yrði flutt til Reykjanesbæjar.